



Fundargerð

Tilv. 1501028/1.7

Fundur: Grisjunarráð 8/2015.
Dagsetning og tími: 15. október 2015, kl. 12.
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Hrefna Róbertsdóttir sviðsstjóri vörslusviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður.
Mættir: Allir mættir.
Fundarritari: Hrefna Róbertsdóttir, sviðsstjóri vörslusviðs

Dagskrá:

1. Grisjunarbeiðni Háskólans á Bifröst – dags 1.9.2015 – próf og prófúrlausnir
2. Grisjunarbeiðni Háskóla Íslands – dags. 1.9.2015 – spurningalistar
3. Grisjunarbeiðni Lyfjastofnunar – dags. 15.9.2014 – markaðsleyfi landskráðra lyfja
4. Grisjunarbeiðni Lyfjastofnunar – dags. 15.9.2014 – markaðsleyfi landskráðra lyfja

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Njörður Sigurðsson í leyfi í tvo mánuði.

Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjalasviðs er í leyfi í tvo mánuði, 11. október til 11. desember. Í fjarveru hans tekur Hrefna Róbertsdóttir sviðsstjóri vörslusviðs hans sæti í grisjunarráði.

2. Grisjunarbeiðni Háskólans á Bifröst – dags 1.9.2015 - próf og prófúrlausnir

Málinu var frestað til næsta fundar. Afla þarf frekari gagna varðandi beiðnina.

3. Grisjunarbeiðni Háskóla Íslands – dags. 1.9.2015 – spurningalistar

Málinu var frestað til næsta fundar. Afla þarf frekari gagna varðandi beiðnina.

4. Grisjunarbeiðni Lyfjastofnunar - dags. 15.9.2014 – markaðsleyfi landskráðra lyfja

Beiðninni var hafnað. Beiðni um að eyða pappírskjölum er hafnað þar til tryggt sé að hægt verði að varðveita rafrænt þau skjöl sem óskað er að eyða. Þegar heimild fyrir rafrænni langtíma vörslu skjalanna liggur fyrir, verður unnt að endurnýja grisjunarbeiðnina og taka afstöðu til þess hvort hægt sé að heimila eyðingu á pappírskjölunum.



5. Grisjunarbeiðni Lyfjastofnunar - dags. 15.9.2014 – markaðsleyfi lyfja, þar sem Lyfjastofnun ber ábyrgð á mati, Ísland er umsjónarland.

Beiðninni var hafnað. Beiðni um að eyða pappírsskjölum er hafnað þar til tryggt sé að hægt verði að varðveita rafrænt þau skjöl sem óskað er að eyða. Þegar heimild fyrir rafrænni langtímavörslu skjalanna liggur fyrir, verður unnt að endurnýja grisjunarbeiðnina og taka afstöðu til þess hvort hægt sé að heimila eyðingu á pappírsskjölunum.

6. Birting fundargerða.

Svanhildur spurðist fyrir um fyrirhugaða birtingu niðurstaðna grisjunarráðs á vef Þjóðskjalasafns. Það mál er í vinnslu og verður gert innan skamms.

Fundi slitið kl. 13.15.

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Hrefna Róbertsdóttir (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)